

# Hringur Jóhannesson opnar tvær sýningar

**„ÞETTA eru tvær sýningar eða ein í tvennu lagi með myndum sem allflestar eru málaðar frá því ég hélt mína síðustu sýningu í Norræna húsinu 1980,“ sagði Hringur Jóhannesson, listmálari, í viðtali við Mbl. í gær, en hann opnar í dag, laugardag, 20. einkasýningu sína á Kjarvalsstöðum og í Ásmundarsal við Freyjugötu.**

Hringur sagðist sækja mikið af myndefni sínu norður í Aðaldal þar sem hann dvelur jafnan sumarlangt að Haga. Hann sýnir að þessu sinni 145 verk, olíupastelmyndir, olíumálverk, teikningar og verk unnin með litkrít. Olíupastelmyndirnar verða allar til sýnis í Ásmundarsal.

Hringur stundaði nám í Myndlista- og handíðaskólanum frá 1949—1952. Hann hefur haldið 19 einkasýningar víðsvegar um landið frá 1962, síðast í Norræna húsinu 1980 sem fyrr segir. Hann hefur einnig tekið þátt í u.þ.b. 50 samsýningum hér á landi, á öllum Norðurlöndunum, Skotlandi, Þýskalandi og Bandaríkjunum. Hann var einnig valinn sem fulltrúi Íslands á Accenter i Nordisk konst í Sveaborg í Helsingfors 1980.

Sýningarnar á Kjarvalsstöðum og í Ásmundarsal við Freyjugötu verða opnaðar laugardaginn 25. febrúar, á Kjarvalsstöðum klukkan 14.00 og í Ásmundarsal við Freyjugötu klukkan 15.00. Sýningarnar standa til sunnudagsins 11. mars og eru opnar frá 14—22 daglega.

DRAGON
DATA LIMITED
TÖLVA
fyrir heimili, skóla og smáfyrirtæki

Dragon — tölva sem vex með þér.

Dragon getur:

1. Teflt: Skák
2. Spilað: Bridge.
3. Unnið sem: Ritvél
4. Unnið: Heimilisbókhald.
5. Unnið: Viðskiptabókhald.
6. Gert: Fjárhagsáætlanir.
7. Spilað: Lög sem þú semur.
8. Líkt eftir: Geimskutlu.
9. Spilað: Golf.
10. Og svo eru það allir leikirnir.



Er hægt að hugsa sér betri fermingargjöf?

Vegvísinn á framtíðina. Verð frá kr. 8.625.
Leikjakassetta og námskeið innifalið.

SAMEIND HF
Grettisgötu 46. Símar 21366 og 25833.

Akranes: Bókaskemman.
Akureyri: Hljómver.
Húsavík: Radíóstofa S.B.G.
Höfn: Radíóþjónustan.
Reykjavík: Bókabúð Braga.

HRINGDU — KOMDU — SKOÐAÐU

OPEL KADETT 1984

Opel Kadett 1984 hefur vakið svo mikla athygli, að fyrsta sendingin hingað er nærri uppseld. Ástæðan er einföld. Opel Kadett samsvarar þeim kröfum sem gerðar eru til fyrsta flokks fjölskyldubíla. Hann sameinar vestur-þýska vandvirkni, tækniþekkingu og reynslu. Sparneytni, lipurð, öryggi og kraftur. Kadett.

Bensínnotkun 6,5 lítrar á hverjum 100 kílómetrum í blönduðum akstri.

Verð frá 272,000 Sex ára ryðvarnarábyrgð. (miðað við gengi 16.2.1984)








BIFREIÐADEILD SAMBANDSINS
GM OPEL

HÖFÐABAKKA 9 SÍMI 687300 GÆÐAEFTIRLIT MEÐ GÆÐAVÖRUM